



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.

Reykjavík 11. nóvember 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (bælingarmeðferð), 45. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 26. október sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að nýrri grein verði bætt við XXIV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þar sem fjallað er um brot gegn frjálstræði manna. Lagt er til að það verði gert refsivert að láta einstakling undirgangast svokallaða bælingarmeðferð með nauðung, blekkingum eða hótunum, að láta barn undirgangast slíka meðferð hér á landi eða erlendis sem og að framkvæma bælingarmeðferðir, hvetja til eða þiggja fé vegna þeirra.

Markmið frumvarpsins er að leggja bann við því að einstaklingar, börn sem og fullorðnir, séu látnir sæta svokallaðri bælingarmeðferð, í þeim tilgangi að bæla niður eða breyta kynhneigð, kynvitund eða kyntjáningu þess.

Umboðsmaður barna tekur heilshugar undir það markmið frumvarpsins að börnum sem og fullorðnum verði tryggð vernd gegn inngrípum í persónulega friðhelgi sem felast í beitingu úrræða sem ætlað er að bæla eða breyta kynhneigð, kynvitund og kyntjáningu þeirra. Mikilvæg framfaraskref voru tekin með samþykkt laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, og mikil réttarbót fólst í samþykkt breytingarlaga nr. 152/2020, en með þeim var öllum börnum, 15 ára og eldri, gert heimilt að breyta opinberri skráningu á eigin kyni.

Hér ber einnig til þess að líta að börn eru viðkvæmur þjóðfélagshópur en sá hópur barna sem frumvarpið tekur til er auk þess sérstaklega berskjaldaður og þarf á aukinni vernd að halda, ekki síst með hliðsjón af því bakslagi sem orðið hefur í réttindabaráttu hinsegin fólks. Fram hefur komið að hinsegin börn þurfa nú í auknum mæli að sæta árásum og áreitni en það er uggvænleg þróun sem bregðast þarf við.

Með vísan til framangreinds hvetur umboðsmaður barna til samþykktar frumvarpsins, en bendir þó á, að til þess að markmið frumvarpsins nái fram að ganga og með hliðsjón af meginreglu refsiréttar um skýrleika refsheimilda, gæti verið tilefni til þess að endurskoða að einhverju leyti hugtakanotkun frumvarpsins, til að afmarka og skilgreina betur þá háttsemi, sem frumvarpinu er ætlað að leggja bann við.

Virðingarfyllst,



Guðrúnur Bolladóttir,
settur umboðsmaður barna